



Skólaráðsfundur BES, haldinn á Stokkseyri 29. október 2010
kl. 8:30-9:30

1. **Fundatímar í vetur.** Ákveðið að fundatímar verði sem næst fyrsta föstudegi hvers mánaðar í vetur, að teknu tilliti til vinnutíma skólaráðsfulltrúa. Næsti fundur ákveðinn föstudaginn 3. desember, kl. 8:30-9:30 á Stokkseyri.
2. **Ný aðalnámskrá grunnskóla.** Lögð fram til kynningar og umsagnar. Tillögur að viðmiðunarstundaskrá sérstaklega ræddar. Fundarmenn sammála um að þar liggi sóknarfæri til að nýta mannauð og aðstæður í hverjum skóla. Minnt á mikilvægi skólans sem elsta barnaskóla á Íslandi og sérstöðu hans í umhverfi sínu.
3. **Skólanámskrá 2010.** Lögð fram til kynningar og umsagnar. Farið yfir kennsluskiptingu m.v. tveggja ára tímabil. Fram kom að kennsla á yngsta stigi er skv. viðmiðunarstundaskrá. Kennsla á miðstigi og elsta stigi er lítillega yfir viðmiðun til jöfnunar frá síðasta skólaári. Samvinna/samkennsla 8. og 9. bekkjar rædd og útskýrð. Fram kom að markmið með henni eru auk hagræðingar, að sinna einstaklingsnámi mun betur en áður, m.a. með hópaskiptingum þvert á bekki. Frestur til að koma fram með athugasemdir vegna skólanámskrárinnar er til 15. nóvember.
4. **Staða mótuneytismála.** Verið er að vinna að upplýsingum um á fjárfestinguna og fjárþörf vegna standsetningar á nýju mótuneytiseldhúsi á Stokkseyri. *Skorað er á bæjaryfirvöld að hægt verði að hefja starfsemi þar strax eftir áramótin.*
5. Önnur mál. Sagt frá því að unnið er að forvarnarverkefningu *Flottar fyrirmyndir* í 7.-10. bekk skólans og þátttaka er góð.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Sign.

Arndís Harpa Einarsdóttir